

L Ö G

112

30. des.

um breyting á hafnarlögum fyrir Keflavík, nr. 23 26. febr. 1943.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund kr.“ í 1. gr. laganna kemur: 680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund kr.

2. gr.

Fyrir orðin „480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund kr.“ í 2. gr. laganna kemur: 680000 — sex hundruð og áttatíu þúsund kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

113

30. des.

um lendingarbætur í Grindavík.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til lendingarbóta í Járngerðarstaðahverfi í Grindavík í Gullbringusýslu skal úr rikissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 150 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Járngerðarstaðahverfis að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að 150 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðherra telur til þess færán.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið